

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2002 frá 1. mars 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/80/EB frá 4. desember 2000 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að sameina þann viðauka og bæta við nýju, virku efni (lambda-sýshalótríni) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/87/EB frá 12. október 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virku efnunum asíbensólar-s-metýli, sýklanilíði, járnfosfati, pímetrósíni og píraflúfenetýli ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/99/EB frá 20. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virku efnunum glýfosfati og þífensúlfúron-metýli ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/103/EB frá 28. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu 2,4-díklórfeñoxyedikssýru (2,4-D) ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 25.4.2002, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 25.4.2002, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 309, 9.12.2000, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 276, 19.10.2001, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 304, 21.11.2001, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 313, 30.11.2001, bls. 37.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

11. undirliður (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/73/EB), 12. undirliður (tilskipun 98/47/EB), 13. undirliður (tilskipun 1999/1/EB), 14. undirliður (tilskipun 1999/73/EB), 15. undirliður (tilskipun 1999/80/EB), 16. undirliður (tilskipun 2000/10/EB), 17. undirliður (tilskipun 2000/49/EB), 18. undirliður (tilskipun 2000/50/EB), 19. undirliður (tilskipun 2000/66/EB), 20. undirliður (tilskipun 2000/67/EB) og 21. undirliður (tilskipun 2000/68/EB) í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EB) í XV. viðauka II. við samninginn falli niður.

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32001 L 0080:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/80/EB frá 4. desember 2000 (Stjtið. EB L 309, 9.12.2000, bls. 14),
- **32001 L 0087:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/87/EB frá 12. október 2001 (Stjtið. EB L 276, 19.10.2001, bls. 17),
- **32001 L 0099:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/99/EB frá 20. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 304, 21.11.2001, bls. 41),
- **32001 L 0103:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/103/EB frá 28. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 313, 30.11.2001, bls. 37).“

3. gr.

Texti tilskipana 2000/80/EB, 2001/87/EB, 2001/99/EB og 2001/103/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann